

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Jón Prándur Stefánsson
Sent: fimmtudagur, 18. janúar 2024 08:00
Til: 'Gunnar Ingi Jóhannsson'
Efni: RE: Vegna byggðakvóta

Sæll Gunnar,

Ráðuneytið hefur mótttekið þessar athugasemdir. Tillögur Langanesbyggðar um sérreglur eru nú til kynningar á vef ráðuneytisins og við munum koma þessu skjali einnig til kynningar þar áður en efnislega verður tekin afstaða til tillagnanna.

Með kveðju,
Jón Prándur



Jón Prándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor
Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Gunnar Ingi Jóhannsson <gunnar@magna.is>
Sent: miðvikudagur, 17. janúar 2024 16:02
Til: Jón Prándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Efni: Vegna byggðakvóta

Komdu sæll Jón

Til mín hefur leitað félagið Jökulheimar ehf. og falið mér að rita þetta erindi.

Erindið er að á fundi sínum, hinn 14. desember 2023, samþykkti sveitarstjórn Langanesbyggðar tillögu að breytingu á sérstökum skilyrðum um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024. Reglum samkvæmt hefur tillagan væntanlega þegar verið send ráðuneytinu til skoðunar og eftir atvikum staðfestingar.

Umbjóðandi minn hefur fengið úthlutað byggðakvóta undanfarin ár í sveitarfélaginu á grundvelli þeirrar atvinnustarfsemi sem félagið hefur stundað þar. Félagið er með skráð lögheimili í sveitarfélaginu og gerir þaðan út stóran hluta ársins.

Ljóst er hins vegar að tillaga sveitarstjórnar mun þrengja að þeim aðilum sem fengið hafa úthlutað byggðakvóta á umliðnum árum. Þessar breytingar virðast hins vegar verulega vanhugsaðar og óskýrar og ekki fæst betur séð en að sveitarstjórn muni berskjalda sig fyrir skaðabótaskyldu ef þær komast í gildi, eins og ég mun víkja nánar að hér síðar.

Meginbreytingin á hinum sérstöku skilyrðum samkvæmt tillögu sveitarstjórnar er sú að nú er lagt til að enginn fái úthlutað byggðakvóta nema hafa greitt að lágmarki einum einstakling sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu laun í að lágmarki 3 mánuði á árinu 2023.

Af framangreindu ákvæði er í fyrsta lagi engan veginn augljóst hvort viðkomandi aðili þurfi að hafa greitt einum einstaklingi laun í minnst þrjá mánuði á árinu 2023 eða hvort það nægi að hafa greitt tveimur einstaklingum laun, hvorum í tvo mánuði. Þó hníga öll rök að því að hið síðarnefnda eigi við, enda væri það væntanlega fráleitt að sá sem greiðir einum manni laun í þrjá mánuði fái byggðakvóta en ekki t.d. aðili sem greiðir 20 manns laun í 2 mánuði hverjum, samtals 40 mannmánuði. Væri það tilfellið er augljóst að reglan er ómálefnaleg við úthlutun byggðakvóta og þar af leiðandi ólöglegt. Í öllu falli er tillagan í besta falli óskýr.

Í öðru lagi er ekki fjallað með neinum hætti um hvort nægilegt sé að greidd laun hafi numið meira en einni krónu í hverjum mánuði. Virðist þannig að sá uppfylli skilyrðin sem greiði eina krónu einn dag í hverjum mánuði, í minnst þrjá mánuði, en sá sem hefði t.d. greitt einum einstaklingi þrjár milljónir á mánuði í fulla tvo mánuði uppfylli ekki skilyrðin. Hér er ekki verið að hvetja til þess að skilyrði um tiltekna lágmarksfjárhæð séu sett, heldur er verið að benda á að tillögur sveitarstjórnar virðast ekki hafa neinn augljósan tilgang, ekkert sérstakt markmið, í öllu falli ná þær engu markmiði eins og þær liggja fyrir. Það leiðir sömuleiðis til þess að tillögurnar virðast ómálefnalegar og þar af leiðandi myndu ekki standast lög.

Í þriðja lagi er ekki skýrt hvort með hugtakinu laun sé einnig átt við verktakagreiðslur, sem ekki eru óalgengar, þ.e.a.s. þar sem útgerð greiðir einstaklingi verklaun sem sér svo sjálfur um að reikna sér endurgjald (laun) af þeirri fjárhæð og standa skil á lögboðnum gjöldum. Markmið sveitarfélagsins er skv. tillögunum að eðlilegt sé að þeir sem þiggi byggðakvóta greiði laun í sveitarfélaginu. Það markmið næðist á sama hátt hvort heldur sem um launagreiðslu eða verktakagreiðslu er að ræða til einstaklings með lögheimili í sveitarfélaginu.

Í fjórða lagi miða tillögurnar við að vera afturvirkar, þ.e.a.s. reglur sem stendur til að setja fyrir úthlutun byggðakvóta á árinu 2024 eiga að miða við það hvað gerðist á árinu 2023. Vart þarf að tíunda ítarlega að stjórnvaldsfyrirmæli og reglur sem hafa afturvirk áhrif eru alla jafna ekki lögmætar og í raun auk þess tilgangslausar. Ef markmið sveitarstjórnar er að þiggjendur byggðakvóta greiði laun í sveitarfélaginu er augljóst að mestan árangur bæri að tilkynna þeim aðilum fyrirfram um slíkt, þannig að reglurnar séu fyrirsjáanlegar og aðilar geti gert ráðstafanir í samræmi við gildandi reglur, en ekki miða við það hvernig staðan var á síðasta ári. Enginn getur hagað sér með afturvirkum hætti.

Setning stjórnvaldsfyrirmæla með afturvirkum hætti er yfirleitt vísbending um að einhvers konar maður sé í mysunni, að verið sé að setja reglur sem henti einum ákveðnum en ekki öðrum. Allt eins hefði verið hægt að setja reglur um að einungis þeir sem versluðu í kaupfélaginu minnst einu sinni á síðasta ári komi til greina til að fá úthlutuð byggðakvóta. Ef það væri gildandi regla, sett með fyrirsjáanlegum hætti, þá myndu kannski fleiri versla í kaupfélaginu, en ef þetta er sett með afturvirkum hætti hefur þetta engin áhrif á hegðun og í ljós kemur að kannski verslaði bara einn aðili í kaupfélaginu og fær allan byggðakvótann, þrátt fyrir að aðrir hafi lagt mun meira til samfélagsins, svo sem í formi landaðs afla. Við þær aðstæður að reglur eru settar með afturvirkum er ekkert endilega líklegt að allir myndu byrja að versla í kaupfélaginu, því sveitarstjórn gæti þá á næsta ári aftur sett reglur með afturvirkum hætti um að fyrir næsta ár fái einungis þeir byggðakvóta sem keyptu eitthvað á handverksmarkaðnum árið á undan, það skipti ekki lengur máli hver verslaði í kaupfélaginu á síðasta ári. Reglurnar með afturvirkum hætti eru því ekki endilega hvati til að ráða fólk í vinnu í sveitarfélaginu, því þeim er hægt að breyta þannig að slíkar ráðningar og launagreiðslur árið á undan hafi ekkert gildi á næsta ári.

Punkturinn er í öllu falli sá að reglusetning með þessum hætti mun ekki standast lög og mun mjög líklega leiða til skaðabótaskyldu sveitarfélagsins. Mögulega er sveitarstjórn að treysta á að enginn láti reyna á það, mögulega gerir hún sér ekki grein fyrir því. Hins vegar er mikilvægt að það liggi fyrir að nokkrir aðilar líta þannig á málið, að þessar tillögur standist ekki lög og eru reiðubúnir að láta reyna á það, þar með talið skaðabótaskyldu sveitarfélagsins ef þessar reglur ganga eftir og verða staðfestar.

Með tilliti til framangreinds er mikilvægt að það liggi fyrir að það sé afstaða margra þeirra sem fengið hafa byggðakvótaúthlutun á liðnum misserum, á grundvelli gildandi, og fyrirsjáanlegra, reglna, að þessi breyting sé óskýr, tilgangur hennar og markmið óskýrt, mun ekki nást en verður að öllum líkindum ólögmet og skaðabótaskyld breyting, eins og ætlunin er að standa að henni.

Virðingarfyllt,

Gunnar Ingi Jóhannsson
Hæstaréttarlögmaður / eigandi
862 9478 / gunnar@magna.is
571 5400 / magna.is

MAGNA